

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 35 21. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar
nr. 231 31. maí 1978.

1. gr.

4. töluliður C liðar 38. greinar orðist svo:

Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar, og jafn marga til vara kosna á sama hátt. Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga rétt til setu á fundum samkvæmt lögum með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Gljúfurár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Gljúfurár.
Heimili þess og varnarþing er að Hnjúki.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Gljúfurá og vatnasvæði hennar. En þær eru: Miðhóp, Þingeyrasel ásamt hluta af Víðidalsfjalli og Kornárselslandi, Hólabak, Uppsalar, Breiðabólstaður I og II, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga Gilsstaðir, Kornsa I og II, landið Fremrihlíð, eigendur upprekstrarfélags Ás og Sveisstaðahrepps að hálfu móti bræðrunum Jóni Hannessyni Nautabúi og Bjarna Hannessyni Undirfelli.
3. Verkefni félagsins er, að gera ána fiskgenga, viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, ásamt ræktun árinna, og að leigja hana til stangaveiði.
Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig,